

Árni Davíðsson  
Suðurbraut 1  
200 Kópavogur

Kópavogur 7. apríl 2014

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

### **Athugasemd við tillögu að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025.**

Mig langar að gera athugasemd við tillögur aðalskipulagsins á bls. 94 um bifreiðastæði. Ég tel að bærinn sé ekki á réttri leið með þeim tillögum sem þar eru settar fram um stefnu í bifreiðastæðamálum. Þar eru gerðar miklar kröfur um fjölda bifreiðastæða við hús og krafa er um að bifreiðastæðapörf bygginga skuli almennt leyst innan lóðar. Það mun þýða að fasteignir verða umkringdar stæðum og útheimtir mikið pláss og eykur fjarlægðir innan hverfa. Það eykur einnig líkurnar á að nýting bifreiðastæðanna verði léleg. Framboð á stæðum verður mikið, til að anna eftirspurn sem er mjög sveiflukennd og tímabundin innan hverrar lóðar yfir daginn. Í heildina mun það þýða dýrari uppbyggingu bifreiðastæða og hverfin verða óvistlegri fyrir vikið. Betra er að mínum dómi að leysa stæðamálin fyrir hvert hverfi eða götu í heild en binda stæðin ekki við einstakar lóðir. Með þeirri stefnu eru hverfi og götur skipulögð þannig að hægt verði að samnýta bifreiðastæði fyrir íbúðir, skrifstofur, verslanir, íþróttahús og annarskonar starfsemi. Til dæmis yrði stæði sem íbúi leggur í yfir nóttina nýttur af öðrum bíl sem er lagt yfir daginn af starfsmanni á vinnustað eða í skóla.

Hafnarfjarðarbær þyrfti ekki að reka öll bílastæðin heldur gæti það verið á verksviði samtaka, félaga eða verktaka. Það væri eigi að síður æskilegt að bærinn setti sér samþykkt um bifreiðastæði skv. 83. grein umferðarlaga.

Með þessu skipulagi er mikilvægt að sala á íbúðum/fasteignum verði aðgreind frá sölu á bifreiðastæðum. Það yrði þá val hvers og eins hvort hann vilji kaupa eða leigja bifreiðastæði eða vera bíllaus. Kostnaður við gerð og viðhald bifreiðastæða verður þá ljós. Þannig verður hægt að búa til og selja ódýrari íbúðir til þeirra sem kjósa að vera með ekkert eða færri bifreiðastæði. Þess má geta að kostnaður við gerð bifreiðastæðis getur verið frá u.þ.b. 500 þús kr. til 4 milljónir kr. á stæði eftir atvikum.

Mælt er með því að stefna aðalskipulags í bifreiðastæðamálum verði endurskoðuð alveg frá grunni. Megin þættir nýrrar stefnu gætu verið:

1. Hafnarfjarðarbær setji sér stöðusamþykkt samkvæmt 83. gr. umferðarlaga.
2. Bifreiðastæðamál verði leyst að mestu leyti utan lóða með samnýtingu á stæðum innan skilgreindra eininga, hverfa eða gatna eftir atvikum, og stæðin verði rekin sér fyrir viðkomandi einingu. Bílaeigendur geti keypt stæði, leigt til lengri tíma (mánuði/ár) eða til skamms tíma (klst/dagar). Þeir sem kaupa fasteignir í viðkomandi götu eða hverfi geti í flestum tilvikum keypt hana án stæðis. Fyrir sérbyli og raðhús gætu verið bílskúrar í séreign og eitt bílastæði á lóð.
3. Í skipulagi verði stefnt að blöndun hverfa og verður þá hægt að samnýta bifreiðastæði milli íbúða og ólíkrar starfsemi, sem notar bílastæði á ólíkum tímum. Göngufjarlægð frá bílastæði að viðkomandi notanda geti verið takmörkuð við um 5 min.
4. Víð íbúðir verði gert ráð fyrir aðkomuleið fyrir bíla með aðdrætti o.s.frv. þótt stæðin séu höfð utan eiginlegrar lóðar fasteignarinnar.

Markmið þessarar nýju stefnu væri að bæta nýtingu bifreiðastæða, fækka stæðum sem þarf að byggja, spara fé, gera hverfi vistlegri, stytta vegalengdir, bæta lýðheilsu, auka félagsleg samskipti, færa starfsemi út í hverfin og auka vistvænar samgöngur.

Með vinsemd og virðingu



---

Árni Davíðsson